

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 122/98
frá 18. desember 1998

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/98 frá 27. nóvember 1998⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/7/EB frá 16. febrúar 1998 um breytingu á tilskipun 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Í kjölfar brottfellingar 3. og 5. mgr. 1. gr. a falli EES-aðlögunarliðir við tilskipun 87/102/EBE niður.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í stað textans í 4. lið (tilskipun ráðsins 87/102/EBE) í XIX. viðauka við samninginn komi eftirfarandi:

„**387 L 0102**: Tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán (Stjtið. EB L 42, 12.2.1987, bls. 48), eins og henni var breytt með

- **390 L 0088**: Tilskipun ráðsins 90/88/EBE frá 22. febrúar 1990 (Stjtið. EB L 61, 10.3.1990, bls. 14,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 277, 28.10.1999, bls. 50 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 46, 28.10.1999, bls. 164.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 101, 1.4.1998, bls. 17.

- **398 L 0007:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/7/EB frá 16. febrúar 1998 (Stjtið. EB L 101, 1.4.1998, bls. 17).“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/7/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 19. desember 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 18. desember 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N.v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner